

AUGLÝSING

um gildistöku laga nr. 23 7. apríl 1971, um breyting á lögum nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs og um gildistöku laga nr. 24 7. apríl 1971, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Framangreind lög skyldu taka gildi 1. maí 1971, þó ekki fyrr en við gildistöku nýs fasteignamats. Nú hefur nýtt fasteignamat verið staðfest til að taka gildi 1. ágúst 1971 og öðlast þá framangreind lög gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 117.

5. júlí 1971.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 99 12. desember 1970, og innheimta frá og með 1. ágúst 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með 140% viðauka leyfisbréfgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekju-lögum nr. 104/1965.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt. Með auglýsingu þessari er úr gildi numin auglýsing frá 24. des. 1970, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 118.

6. júlí 1971.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 165 20. maí 1968 um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð þremur mönnum. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna váttryggðu skipa velja tvo stjórnarmenn,

en Samábyrgðin hinn þriðja. Á sama hátt skal velja þrjá stjórnarmenn til vara. Val stjórnarmanna skal fara fram á aðalfundi félagsins og gildir til tveggja ára í senn.

4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf, eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Stjórnin er ályktunarfær, ef tveir stjórnarmenn sækja fund.

Orðin „kr. 20 000.00“ í 7. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar verði: kr. 50 000.00.

2. gr.

Orðið „júnímánaðar“ í 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar verði: októbermánaðar.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar hljóði þannig:

Þegar greiddar eru tjónabætur, aðrar en bætur fyrir alskaða, skal ávallt draga frá hverju einstöku tjóni sjálfsábyrgð kr. 390.00 margfaldaðar með rúmlestatölu skipsins, þó eigi lægri tölu en 20 rúmlestir og eigi hærri tölu en 80 rúmlestir. Grunntalan 390 breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á váttryggingarverði nýrra skipa.

4. gr.

16. gr. reglugerðarinnar falli niður, en í stað hennar komi ný grein, er hljóði svo:

I. Félagið bætir tjón á vélum skips, einnig á ásum og öðrum útbúnaði vélarinnar, ef tjónsorsakir eru þessar:

1. Eldur eða sprenging, sem ekki stafa frá vélinni sjálfri.
2. Skipið sekkur, því hvolfir, það strandar eða kennir grunns.
3. Skipið rektst á fastan eða fljótandi hlut, þar með talinn ís.

Bætur fyrir slík tjón skulu háðar sérstakri sjálfsábyrgð, er nemi að hundraðshluta þeirri fyrningu, sem vélin ásamt ásum og öðrum útbúnaði var fyrnd um við síðustu váttryggingarmatsgjörð skipsins. Þessi sérstaka sjálfsábyrgð skal þó aldrei vera lægri en almenna sjálfsábyrgðin, sbr. 1. mgr. 14. gr.

II. Ef aðalvél skips hefur ekki náð 12 ára aldri, miðað við smíðarár hennar, þá bætir félagið tjón á eftirtöldum aðalhlutum vélarinnar, enda verði að endurnýja þá:

1. Vélarblokk, ásamt stimplum, slifum og strokkloki, og telst þá hver sjálfstæður strokkur vera vélarblokk.
2. Sveifarás, ásamt legum.
3. Sveifarhús, og telst þá hvert sjálfstætt strokkhús vera sveifarhús.
4. Kambás, ásamt legum.
5. Botnskál.

Engar bætur koma fyrir stimpla, slifar, legur eða strokklok, nema þegar þessir hlutir eyðileggjast um leið og nefndir aðalhlutar vélarinnar

Bætur miðast eingöngu við verð á nýjum vélarhlutum, en hvorki við vinnu, slippkostnað né annan kostnað í sambandi við tjónið. Bæturnar eru háðar sérstakri sjálfsábyrgð, sem hér segir:

Aldur vélarhluta	Sjálfsábyrgð
0— 3 ár	Engin
3— 5 —	25%
5— 7 —	35%
7— 9 —	45%
9—12 —	60%

Það skilyrði er fyrir bótaskyldu, að vélar séu vatnskældar (ekki sjökældar), og að í skipinu sé viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna, þegar eldur er laus í vélarrúmi eða sjór streymir inn í það.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 41 28. apríl 1967 og tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

2. gr.

Bæjarráð getur þó leyft blindu fólki að hafa leiðsöguhund svo og hjálparsveitum að hafa leitarhunda, ef heilbrigðisnefnd samþykkir.

3. gr.

Enn fremur skal bæjarráði heimilt að veita undanþágu þeim einstaklingum, sem búsettir voru í kaupstaðnum 1. janúar 1971 og áttu þá hund, að hafa hundinn svo lengi, sem honum endist aldur til, með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Tilkynna skal hundinn og merkja fyrir 1. sept. n. k. á kostnað eiganda og á þann hátt, sem heilbrigðisfulltrúi ákveður.
- b. Hundurinn skal hafður í stöðugri vörzlu.
- c. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti þeim lögum og reglum er hundahald varða og fyrirmælum, er heilbrigðisfulltrúi setur.

Aldrei skal veita leyfi fyrir grimma hunda eða varhugaverða á annan hátt.

Heimilt skal hvenær sem er að afturkalla slíkar undanþágur, hvort heldur er um að ræða einstakar undanþágur, eða allar í heild.

4. gr.

Óheimilt er að hafa hunda með sér í matvörubúðir eða aðra slíka staði, þar sem matvara er höfð um hönd.

Engum, hvorki íbúum bæjarins, né öðrum, er heimilt að láta hunda ganga lausa í bænum og skal lögreglan og heilbrigðisfulltrúi sjá um, að slíkum hundum sé lógað.

5. gr.

Af hverjum hundi greiðist 300.00 kr. skattur árlega.

6. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld 134. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 127 frá 27. október 1955.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.